

Nr. 27/1887.

Rjettvísín
 gegn
 Guðrúnu Guðmundsdóttur.

D ó m u r :

Sök þessi er í hjeraði höfðuð af hálfu rjettvísinnar gegn hinni ákærðu, Guðrúnu Guðmundsdóttur, fyrir þjófnað og ólöglega meðferð á fundnum munum, og var málið dæmt í aukarjetti Reykjavíkur-kaupstaðar hinn 30. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hin ákærða var dæmd í 8 daga einfalt fangelsi fyrir hinn síðar-nefnda glæp, en sýknuð af þjófnaðar-ákærinni; auk þessa var hún dæmd til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til málsfærslumanns Hannesar Hafsteins, 5 krónur. Þessum aukarjettardómi hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hinnar ákærðu.

Í maímánuði í fyrra, eða um það leyti, hvarf úr verzlunarbúð kaupmanns Þorláks Ó. Johnsonar í Reykjavík kassi (Etui) með 8 eða 9 hálsbandshringum (slipshringum) í, og áleit Þorlákur að þessu hefði hlotið að vera stolið. Í vetur er leið þóttist hann þekkja einn hringinn hjá manni einum í Reykjavík, en hann kvaðst hafa keypt hringinn af unglingsstúlku, Sigurbjörgu nokkurri Guðnadóttur, sem að sínu leyti hefur skýrt svo frá, að hin ákærða hafi um nýjárs-leytið í vetur gefið sjer hringinn. Hin ákærða var því tekin fyrir til yfirheyrslu, og kannaðist hún við, að hafa gefið Sigurbjörgu hringinn, en með því að skýrsla hennar að öðru leyti þótti tortryggileg, var hún sett í gæluvarðhald, og jafnframt leitaði lögreglustjórinn í hirzlum hennar, og fann þar þá kassa af sama tagi, og slipshringakassar Þorláks voru,

en einn þeirra var sýndur í rjettinum; enn fremur fannst hjá henni listi úr trje, er fellur nákvæmlega í kassann, og virðist hann hafa verið rifinn upp úr honum. Þorlákur Johnson hefur staðhæft, að kassi þessi sje einmitt kassi sá, sem frá honum hafi verið stolið í fyrra, og að ofan-umgetinn hringur sje einn af þeim 8—9 hringum, er áttu að vera í kassanum, þá er hann hvarf úr búð hans, og hefur hann staðfest þennan framburð með eidi. Áðurnefnd Sigurbjörg hefur og fyrir rjettinum borið það, að hún hafi sjeð hjá hinni ákærðu annan sams-konar hring, eins og þann, sem hún fjekk að gjöf hjá henni. Þegar leitað var hjá hinni ákærðu, fundust ennfremur í hirzlum hennar eptirnefndir munir, er grunsamt þótti að henni væru ófrjálsir, nl. 3 matdúkar, nokkrar flöskur af bæversku öli, 1 brennivíns-staup, 1 púns-glas, 3 diskar og 2 lemonade-flöskur. Hin ákærða hefur stöðuglega og ítarlega neitað því, að hún hafi stolið ofannefndum munum, en hefur að öðru leyti gjört grein fyrir þeim á þessa leið. Hálsbands-hringinn, þann er hún gaf Sigurbjörgu, hafi hún fundið á Bakarabrúnni eða fyrir neðan hana í fyrra-sumar eða vor; hún hafi álitid hann ómerkilegt barna-glingur, en hafi þó lýst honum fyrir ýmsum, sem hún þó eigi hefur getað nefnt; hún þverneitar því, að hún hafi haft fleiri slíka hringi í vörzlum sínum, og sje því framburður Sigurbjargar í þá átt rangur. Kassann, er fannst í vörzlum hennar, hafi unglingspiltur, Benedikt Vigfússon, er nú sje dáinn, að því hún frekast veit, gefið henni fyrir 11 árum; 2 matdúkana hafi hún fengið að gjöf hjá Guðrúnu Hannesdóttur, sem nú sje komin til Ameríku, en einn dúkinn hafi hún fundið inn við Laugar; öl- og lemonade-flöskurnar hafi hún keypt hjá Guðrúnu Katrínu Bjarna-

dóttur, er var vinnukona hjá Jespersen hotel-haldara; brennivíns-staupið hafi hún fundið í ösku-hrúgu niðri í fjöru; púnsglasið hafi hún keypt í búð; áðurnefndan lista hafi hún einnig fundið niðri í fjöru; 2 diskana hafi hún keypt í búð, þó man hún eigi hvar, en einn, sem var brotinn, hafi hún fundið í sorp-hrúgu. Einn af matdúkunum hefur Jespersen hotel-haldari lýst eign sína, og hefur hann fyrir rjetti borið, að ýmislegt af því tagi hafi horfið frá sjer.

Þó að skýrsla hinnar ákærðu um það, hvernig hún hafi eignast kassann, sje mjög ósennileg, og þó að miklar líkur sjeu komnar fram í málinu fyrir því, að þetta sje einmitt kassi sá, sem hvarf úr búð Þorláks kaupmanns Johnsonar, þá er þó eigi nægileg vissa fengin fyrir því, að hún hafi stolið honum, eða komið yfir hann með ófrjálsu móti. Þá er og eigi heldur nægileg sönnun fengin fyrir því, að hún hafi stolið hinum öðrum ofan-töldu munum, því að þótt Guðrún Katrín Bjarnadóttir hafi með eidi synjað fyrir það, að hún hafi selt ákærðu drykkjarföngin, þá er framburður þessa eina vitnis eigi nægilegur til þess, að hin ákærða verði sakfelld fyrir þjófnað gegn stöðugri neitun hennar. Það er því rjett, að hjeradsdómarinn hefur sýknað hina ákærðu af þjófnaðar-ákærinni.

Á hinn bóginn hefur hin ákærða kannast við það, að hún hafi eigi löglega lýst munum þeim, sem hún tjáist hafa fundið, sem sje hálsbands-hringnum, matdúk og brennivínsstaupi, en munir þessir eru virtir á kr. 1,75. Að vísu pykist hún hafa sýnt mörgum hringinn, þegar hún fann hann á götunni, en þó hún hafi gjört það, þá var það eigi nægileg lýsing á fundnum hlut. Það er því að áliti yfirdómsins rjett, að hjeradsdómarinn

hefur dæmt hina ákærðu seka í ólögumætri meðferð á fundnu fje, en með tilliti til þess, að hinir fundnu munir eru mjög lítilfjörlegir og verðlitlir, og hin ákærða á hinn bóginn hefur setið í gæzlu-varðhaldi frá 26. febrúar til 15. marzmán. þ. á., þykir rjett að varðhald þetta komi í stað refsingar þeirrar, sem hún hefur til unnið samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 59. gr. sömu laga. Allan sakarkostnað á hin ákærða að greiða bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun þau, sem ákveðin eru í aukapingsdóminum, og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögumæt.

Því dæmist rjett að vera:

Varðhalds-seta hinnar ákærðu, Guðrúnar Guðmundsdóttur, komi í staðinn fyrir refsingu þá, sem hún hefur til unnið í máli þessu. Um málskostnað í hjeraði á aukapingsdómurinn að vera óraskaður; hin ákærða greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.